

Föstudaginn 15. desember 2000.

Nr. 452/2000. **Lögreglustjórnin í Reykjavík**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

X

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Með því að fullnægt var skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir X, þurfti ekki að taka afstöðu til þess hvort ákvæði 2. mgr. 103. gr. sömu laga gæti átt við í málinu. Var gæsluvarðhaldsúrskurður héraðsdóms staðfestur með þessum athugasemdum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Árni Kolbeinsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. desember 2000, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. desember 2000, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 24. janúar 2001 kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur.

Svo sem greinir í úrskurði héraðsdómara er varnaraðili borinn sökum um að hafa á tímabilinu 31. október til 24. nóvember 2000 meðal annars gerst sekur fjórvegis um íkveikju. Varnaraðili hefur gengist við þeim sökum. Er því fyrir hendi rökstuddur grunur um að hann hafi að þessu leyti brotið gegn ákvæði 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Öll þessi ætluðu brot varnaraðila, sem framin voru á skömmum tíma, höfðu í för með sér almannahættu. Verður að ætla að hætt sé við að hann muni halda áfram brotum meðan máli hans er ekki lokið. Samkvæmt því er fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila, sem er markaður hæfilegur

tími með hinum kærða úrskurði. Þarf þá ekki að taka afstöðu til þess hvort ákvæði 2. mgr. 103. gr. sömu laga geti átt hér við. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. desember 2000.

Lögreglustjórnin í Reykjavík hefur krafist þess að X, [...], verði á grundvelli c-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi þar til dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 24. janúar 2001, kl. 16.00.

[...]

Kærði hefur viðurkennt að hafa framið brotin sem lýst er í liðum 1-4 í gæsluvarðhaldsbeiðninni á dómskjali nr. 1. Brotin geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 164., 176., og 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Brot á 2. mgr. 164. gr. laganna getur varðað 10 ára fangelsi en samkvæmt lagagreininni eigi lægri refsingu en tveggja ára fangelsi. Brotin eru alvarleg og hafa m.a. beinst gegn lífi og heilsu fólks að nóttu til. Brotin, sem lýst er í 3ja tölulíð gæsluvarðhaldsbeiðninnar, hafa tvímælalaust vakið ugg og alvarlegan ótta meðal almennings. Einnig verður að telja önnur brot sem hér um ræðir og kærði hefur viðurkennt að hafa framið til þess fallin að vekja ótta. Brotin verður að telja þess eðlis að varðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður krafa lögreglustjórans í Reykjavík tekin til greina eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði. Engar upplýsingar koma hins vegar fram í gögnum málsins um að ætla megi að kærði muni halda áfram brotum á meðan málum hans er ekki lokið. Gæsluvarðhaldi verður því ekki beitt á grundvelli c-liðar 1. mgr. sömu lagagreinar.

Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, X, sæti gæsluvarðhaldi allt þar til dómur gengur í máli hans en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 24. janúar 2001, kl. 16.00.